

Loðnuvinnslan hf
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

Egilsstaðir, 4. ágúst 2022
UST202202-339/F.Æ.
08.10.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 12.7.2022 – Fiskimjölsverksmiðja
Loðnuvinnslunnar, Fáskrúðsfirði.**

Þann 12. júlí sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

1. Við skoðun var staðfest að lekabyttur hafa verið settar undir ílát með vítissóða, en önnur ílát standa á gólfi með niðurfalli. Ítrekað er að lekabyttur skulu vera undir öllum ílátum þar sem hætta er á að óæskileg efni komist út í umhverfið.
2. Senda skal TVN-gildi og hitastig hráefnis sem tekið er til vinnslu, en ekki TVN-gildi í lönduðum aflu.
3. Tryggja skal greiðan aðgang að öryggisblöðum í efnageymslu.

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu, er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal einnig færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds fyrir 1. maí ár hvert. *Umrædd gögn hafa borist Umhverfisstofnun og telst frávikinu því lokið.*
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2015 og endurskoðuð á 4 ára fresti. *Engin umhverfismarkmið liggja fyrir.*

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum nr. 2 hér að framan, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26. ágúst 2022.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Kristín Kröyer
Sérfræðingur